

**Ed.**

## **565. Frumvarp til laga**

um héraðsskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### 1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrútafirði, Varmahlið í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í Árnessýslu, Reykholti í Borgarfirði og á hentugum stað innan Rangár- og Skaftárþinga. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlið í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

### 2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðsskólarnir á sumrin að jafnaði starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

### 3. gr.

Héraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Nemendur, sem rikið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri eða fyrsta námsveturinn í skólanum. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu, ef sérstaklega stendur á að dómi skólanefndar og skólastjóra. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verknám, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhalda, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pilta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og islenzkra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynsögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginatriði í þjóðskipulagi merkustu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, léttu bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál skal eigi kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í islenzku í þessum skólum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útvísvist.

### 4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

### 5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndarmönnum, en fimmta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

### 6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en að öðru leyti fer um ráðning þeirra og uppsögn, er hlítir 6 mánaða fyrirvara, eftir sömu reglum og um skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.
5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

### 7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls

atvinnurekstrar á skólajörðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd semur um við kennara í samráði við skólastjóra, hverskonar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

#### 8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

#### 9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnum, búnaði, smíðum, hústjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem því sérnámi hafa lokið, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum.

#### 10. gr.

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

#### 11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjóranar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

#### 12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

#### 13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnæði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsbóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins.

14. gr.

Í reglugerð hvers héraðsskóla skal ákveða ýtarlega um kennsluefni og allt fyrirkomulag kennslunnar. Þar skal ennfremur ákveðið um aga nemenda og ástæður til brottrekstrar, svo og um verkefni, skyldur og réttindi skólastjóra og kennara.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 14. júní 1929, um héraðsskóla, og breytingar, er á þeim lögum hafa verið gerðar.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Reglugerðir héraðsskóla skulu endurskoðaðar á árinu 1940 og færðar til samræmis ákvæðum laga þessara. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júlí og reglugerðirnar hafa hlotið samþykki fræðslumálastjórnar fyrir 1. september.

Ríkisstjórnin felur þriggja manna nefnd að meta til peningaverðs allar eignir héraðsskólanna eins og þær eru nú.

Ákveða má í reglugerð, að skólanefnd skuli heimilt að undanþiggja kennara, að nokkru eða öllu leyti, störfum fyrir skólann utan reglulegs kennslutíma.